

21. júní 2005

Til upplýsingar fyrir sumarfrí koma hér fréttir af því helsta sem verið hefur á dagskrá réttindanefndar BSRB og EFTA-ráðgjafarnefndar.

1. Fréttir af störfum réttindanefndar BSRB

Hér koma nokkrir fréttamolar af störfum réttindanefndar BSRB frá áramótum.

Sem dæmi um störf réttindanefndarinnar má nefna að hún kom að gerð samkomulags BSRB, BHM og KÍ við ríkið og Reykjavíkurborg um hækkun slysatrygginga í starfi og hækkun iðgjalds launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð (hægt er að nálgast það á heimasíðu BSRB en það var sent út til allra í lok síðasta árs.) Með samkomulaginu var jafnframt gerð sérstök bókun sem kveður á um rétt starfsmanna sem í starfi sínu verða fyrir líkams- eða munatjóni af völdum einstaklinga sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum. Samkvæmt bókuninni geta starfsmenn þá beint skaðabótakröfu sinni vegna tjónsins að launagreiðanda.

Málefni vaktavinnustarfsmanna voru ofarlega á baugi í réttindaviðræðunum og var gerð sérstök yfirlýsing við ríkið þar sem ákveðið var að skipa vinnuhóp sem mun endurskoða málefni vaktavinnustarfsmanna með það sérstaklega í huga að bæta kjör og vinnutíma þeirra. Þegar hafa Ögmundur Jónasson og Erna Guðmundsdóttir verið skipuð í þennan vinnuhóp fyrir BSRB en réttindanefnd verður bakhópur þeirra.

Þá má nefna að réttindanefnd fjallaði um skattlagningu ríkisskattstjóra á einkennisfatnaði starfsmanna. Í leiðbeiningum ríkisskattstjóra, sem fylgja skattframtali ár hvert hefur mat á einkennisfatnaði hækkað töluvert. Er það mikið hagsmunamál fyrir fjölmörg aðildarfélög BSRB að skattlagning einkennisfatnaðar verði endurskoðuð og verður það áframhaldandi verkefni næsta hausts. Ögmundur og Erna hafa þegar átt fund með ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og óskað eftir því að samráð verði haft við BSRB um endurskoðun á reglum um skattlagningu einkennisfatnaðar. Var tekið vel í það að hálfu fjármálaráðuneytisins. Jafnframt koma fram að BSRB myndi samhliða endurskoðun á reglunum fara með málið í hefðbundin kæruférl í haust þegar álagning skattfyrvalda liggur fyrir.

Réttindanefnd fjallaði um frumvarp til laga um stofnun sameignarfélags um Ríkisútvarpið. Margar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið sérstaklega hvað varðar breytta réttarstöðu starfsmanna. Frumvarpinu var frestað fram á haust.

Fjölmörg önnur verkefni eru til umfjöllunar hjá réttindanefnd. T.d. erindi varðandi veikindarétt starfsmanna og uppsögn á yfirvinnu starfsmanna Akureyrarbæjar. Þá er nefndin bakhópur ýmissa fulltrúa BSRB sem eiga sæti í öðrum nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna innleiðingu tilskipana á sviði EES-réttar, um miðlun upplýsinga og samráð atvinnurekanda og starfsmanna. Fulltrúar úr réttindanefnd ásamt fulltrúum BHM eru í viðræðum við forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (eins og Hrafnista, Grund o.fl.) sem vilja ræða gerð sérstaks heildarsamkomulags um réttindi og skyldur starfsmanna fyrirtækjanna.

2. Samningaviðræður um innleiðingu á tilskipun á sviði EES-réttar, um miðlun upplýsinga og samráð atvinnurekanda og starfsmanna.

Nokkrir fundir hafa verið haldnir með BHM, fjármálaráðuneytinu, KÍ, LN og Reykjavíkurborg um tilskipunina. ASÍ bættist við á síðasta fundi. Umræður hafa verið almennar. Að mörgu þarf að huga í tengslum við innleiðingu á tilskipuninni eins og t.d. gildissvið, hver á að vera lágmarksviðmiðun starfsmannafjölda, hvaða upplýsingar eiga að fara leynt, hvaða fulltrúar starfsmanna eiga að vera í samráðsnefnd um miðlun upplýsinga og margt fleira. T.d. telja ríkið og sveitarfélögin að aðstaða þeirra sé ekki að öllu leyti sambærileg þegar kemur að hugtökum eins og vinnuveitandi og stofnun (fyrirtæki). Náist ekki samningar milli aðila þá mun félagsmálaráðuneytið gera lagafrumvarp um tilskipunina í haust. Fjármálaráðuneytið hefur í viðræðunum verið að horfa mikið til þess hvað gerist milli SA og ASÍ, en þar er ólíklegt að samningar náist fyrir sumarfrí um innleiðingu á tilskipuninni.

3. EFTA-ráðgjafarnefnd

Ráðgjafarnefnd EFTA er samráðsvettvangur heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum, Íslandi, Noregi, Sviss og Lichtenstein. Henni er ætla að vera EFTA ríkjunum og stofnunum EFTA til ráðgjafar um þau málefni sem eru á dagskrá hverju sinni.

Mörg mikilvæg mál hafa verið á dagskrá EFTA-ráðgjafarnefndarinnar en hún fundar ca fjórum sinnum á ári. Má þar nefna þjónustutilskipunina og svokallað Lissabon-markmið, en það er stefna til tíu ára sem miðar að því að efla vöxt og samkeppnishæfni í efnahagslífinu, ásamt með áherslum á umhverfið og félagsleg markmið.

Reglulega hafa komið fréttir af stöðu þjónustutilskipunarinnar en BSRB hefur varað lengi við henni. Á síðasta fundi ráðgjafarnefndarinnar var samþykkt skýrsla um Lissabon-markmiðin en BSRB lagði ríka áherslu að í skýrslunni kæmi fram að atvinna og félagsleg réttindi verði að vera í forgangi í framtíðarstefnumörkun, ekki aukaatriði.

Þriðja atriðið sem hefur verið á dagskrá EFTA-ráðgjafarnefndarinnar er Þróunarsjóður EFTA. Með samningnum um stækkun EES var samið um aukin framlög EFTA-ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Geta þau sótt um styrk í þessum Þróunarsjóði EFTA til að gera ýmis verkefni á sviði umhverfisverndar, t.d. aðgerðir til að draga úr mengun (sbr. nýting jarðvarma) eða endurbóta á umhverfinu,

- sjálfbærrar þróunar, t.d. bætt nýting auðlinda (þ.m.t. hráefnis til matvælaframleiðslur),
- varðveitingu menningarverðmæta,

- menntunar og þjálfunar starfsfólks og uppbyggingar opinberrar þjónustu og
- heilbrigðisþjónustu.

EFTA-ráðgjafarnefndin hefur í sinni skýrslu um Þróunarsjóð EFTA lagt mikla áherslu á að þessi sjóður verði líka notaður til þess að bæta úr samskiptum aðila vinnumarkaðarins, svokölluðum social dialogue, hjá nýju aðildarríkjunum.

Þann 27.-28. júní nk. mun ráðgjafarnefndin funda með þingmönnum og ráðherrum EFTA-ríkjanna í Lichtenstein.

Að lokum má nefna að næsta haust mun EFTA-ráðgjafarnefndin semja skýrslu um þjónustu í almannapágu, eða „Services of general interest“, og hefur BSRB óskað eftir því að vera einn af þeim sem semur drög að skýrslunni.

Með bestu kveðjum,
Erna Guðmundsdóttir.